

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

Tilgangur

Í nýjum skipulagsögum er það nýmæli að skipulagsgerð hefjist með kynningu á lýsingu á skipulagsverkefninu. Markmið löggjafans er að skipulag sé unnið með gagnsæjum hætti og að aflað sé víðtækra upplýsinga og sjónarmiða íbúa og annarra hagsmunaaðila, svo sem opinberra stofnana, strax frá upphafi skipulagsvinnunnar.

Gerð lýsingar

Þegar hafin er vinna við gerð skipulagsáætlunar skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu sem skýrir hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni og umhverfismati þegar það á við. Í lýsingu þarf að gera grein fyrir helstu viðfangsefnum og áherslum í skipulagsgerðinni ásamt upplýsingum um forsendur og fyrirliggjandi stefnu er varðar skipulagstillöguna. Jafnframt þarf að lýsa skipulagsferlinu, svo sem hvernig kynningu og samráði verði háttað við íbúa og aðra hagsmunaaðila og helstu tímasetningar á því.

Kynning og samráð um lýsingu

Leita þarf umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu á skipulagsverkefni og annarra stjórnvalda sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins, svo sem Flugmálastjórn, Fornleifavernd og Umhverfisstofnun.

Kynna á lýsinguna fyrir almenningi. Kynningin getur verið í formi auglýsingar, með dreifibréfi eða á íbúafundi. Taka þarf mið af viðfangsefni skipulagsverkefnisins og hverjir gætu átt hagsmuna að gæta þegar tekin er ákvörðun um hversu víðtæk kynning þarf að vera.

Undantekning frá lýsingu

Heimilt er að falla frá lýsingu fyrir deiliskipulag ef allar meginforsendur fyrir deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi eða þegar verið er að breyta deiliskipulagi.

Lagaákvæði

Vinna á lýsingu á öllum skipulagsstigum og verður nánar kveðið á um lýsingu í skipulagsreglugerð sem nú er unnið að og gert er ráð fyrir að liggja fyrir um mitt ár.

Kveðið er á um lýsingu fyrir svæðisskipulag í 1. mgr. 23. gr., fyrir aðalskipulag í 1. mgr. 30. gr. og fyrir deiliskipulag í 1. mgr. 40. gr.